

Fundargerð

167. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Kynning á starfi heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar; helstu lög og reglur; fyrirkomulag á fundum heilbrigðisnefndar.**

Starfsmenn kynntu sig og sitt starfssvið; farið var yfir helstu lög og reglur er varða starfið; fjallað var um fyrirkomulag á fundum heilbrigðisnefndar; samstarf við aðrar stofnanir, s.s. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og ráðuneytin, Eyþing, Akureyrarbæ og önnur sveitarfélög og þá var svarað fyrirspurnum heilbrigðisnefndar um ýmislegt er varðar skipan og fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits.

3. **Skýrt frá aðalfundi SHÍ og haustfundi heilbrigðisfulltrúa.**

Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá aðalfundi SHÍ ásamt haustfundi heilbrigðisfulltrúa. Stjórn SHÍ er þannig skipuð: Formaður Rúnar Bragi Guðlaugsson, formaður heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, ritari Guðmundur H. Einarsson, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og gjaldkeri Helga Hreinsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Í varastjórn voru valin Heiða Björg Hilmisdóttir, Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Pétur Maack Þorsteinsson, Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Umsagnir:

1. **Skipulagslýsing, breyting aðalskipulags Norðurþings og tilheyrandi deiliskipulag vegna efnislosunarsvæðis á Skjólbrekkumel norðan Húsavíkur.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn og fór yfir helstu atriði umsagnar.

2. **Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna áforma um Glerárvirkjun II á Glerárdal.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn og fór yfir helstu atriði umsagnar.

3. **Umsögn til Dalvíkurbyggðar vegna fyrirhugaðrar stækkunar á frístundabyggð í landi Hamars.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn og fór yfir helstu atriði umsagnar.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Árbót í Þingeyjarsveit, f.h. Bragabóta ehf, kt. 670801-2250. Gististaður fl. II, endurnýjun. **Samþykkt.**

2. Börkur Emilsson, kt. 140166-5889, Stóragarði 7, 640 Húsavík. Heimagisting, ný starfsemi. **Samþykkt.**
3. Þingeyjarsveit, kt. 530602-2640. Vallarhús við íþróttavöllinn á Laugum. Gistiskáli. Endurnýjun. **Samþykkt.**
4. Ósafi sf., kt. 670308-1460. Verktakastarfsemi vegna jarðgangagerðar í Fnjóskadal. Tímabundið starfsleyfi. **Samþykkt.**
5. Hvammsfiskur ehf., kt. 440614-0430, Ægisgötu, 630 Hrísey. Fiskvinnsla. Nýtt starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
6. Útgerðarfélagið Hvammur ehf., kt. 690493-2179, Sjávargötu 1, 630 Hrísey. Fiskvinnsla. Yfirfærsla starfsleyfis á nýjan rekstraraðila. **Samþykkt.**
7. Mublur ehf., kt. 451113-0620, Brekkugötu 13. Trésmíðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað**
8. Jógahofið ehf, kt. 660413-1700, Hafnarstræti 97, 2. hæð, 600 Akureyri. F.h. Jógahofsins, Birna M. Guðmundsdóttir. **Samþykkt.**
9. Leik- og dansstudíó Alice, kt. 480814-0530, Skólastíg 4, 600 Akureyri. F.h. Leik- og dansstudíó Alice, Karín Mist Helgadóttir. **Samþykkt m/fyrirvara um lokaúttekt.**
10. CFA ehf, kt. 570914-0730, Njarðarnes 10, 603 Akureyri. F.h CFA ehf, Húni Heiðar Hallson. **Samþykkt m/fyrirvara um lokaúttekt.**
11. Rakarastofa Akureyrar ehf, kt. 571014-1300, Tryggvabraut 24, 600 Akureyri. F.h Rakarastofu Akureyrar ehf, Geir Sigurðsson. **Samþykkt m/fyrirvara um lokaúttekt.**
12. Vínbúðin Dalvík, kt. 410169-4369, Hafnarbraut 7, 620 Dalvík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Þórey Agnarsdóttir og Þorkell Björnsson skýrðu frá úrbótum varðandi hálfkuvarnir í íþróttamannvirkjum.

Ákveðið var að halda næsta fund heilbrigðisnefndar fimmtudaginn 18. des (jólafundur á austursvæði).

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00.

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth

Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

Þorkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinþór Heiðarsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir